64 3. maí **Brjef landshöfðingja** *til biskupsins* **um flutning á Holtskirkju undir Eyjafjöllum.** — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 22. febr. síðastliðinn, og eptir að löglegt samþykki hjeraðsfundar er þar til fengið, vil jeg hjer með fallast á, að kirkjan að Holti undir Eyjafjöllum verði flutt á jörðina Ásólfsskála og byggð þar upp að nýju.

Þetta er yður hjermeð tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

65 3. maí **Brjef landshöfðingja** *til bæjarfógetans í Reykjavík* **um endurgjald úr fátækrasjóði á lækninga- og legukostnaði vinnukonu.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 23. f. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt mjer frá því, að Jakob snikkari Sveinsson hafi krafizt endurgjalds úr fátækrasjóði Reykjavíkur á kostnaði af sjúkrahúslegu og lækningu vinnukonu, er hjá honum sýktist í vistinni í fyrra vetur, þannig, að taka varð af henni hægra handlegg, en með því að þessi endurgjaldskrafa komi fyrst nú fram, fullu ári eptir að umræddur kostnaður á fjell, hafi bæjarstjórninni þótt nokkur vafi á, hvort óhult mundi að verði við hinni framkomnu kröfu í von um endurgjald frá framfærslusveit stúlkunnar, Grímsneshreppi, og beiðist þjer nú, fyrir hönd bæjarstjórnarinnar, úrskurðar míns eða álits um það, hvort bæjarstjórninni sje skylt að sinna nefndri kröfu Jakobs Sveinssonar.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður hjermeð sem álit mitt, að jeg fæ ekki sjeð, að fátækrasjóður Reykjavíkur geti komizt hjá því, samkvæmt fyrirmælum vinnuhjúatilskipunarinnar 26. jan. 1866, 26. gr., að endurgjalda Jakobi snikkara Sveinssyni hinn umkrafða lækningar- og legukostnað fyrir vinnukonu hans, gegn því að fá hann aptur endurgoldinn af framfærslusveit stúlkunnar, og getur það ekki gjört neina breytingu í þessu tilliti, þó að endurgjaldsins hafi eigi verið krafizt fyr en gjört var, því síður sem bæjarfógetanum virðist fyrirfram hafa verið skýrt frá ráðstöfunum þeim um lækningu stúlkunnar, er hinn umræddi kostnaður stafar frá.

66 4. maí **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um lán handa Útskála prestakalli til húsbyggingar.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 17. f. m., vil jeg hjer með leggja samþykki mitt á:

1., *að* Útskálaprestakall megi taka 7500 kr. embættislán til uppbyggingar íbúðarhúsi á prestssetrinu, með þeirri stærð og því fyrirkomulagi, sem tekið er fram í bænarskrá prestsins, er fylgdi nefndu brjefi yðar, og að lánið með vöxtum megi endurborgast á næstkomandi 25 árum með $^1/_{25}$ á ári;

2., *að* jarðarhús þau, önnur en fjós, hesthús og smiðja, er fylgt hafa prestssetrinu, megi niður falla og burtu hverfa, þegar sannað er með tilhlýðilegri skoðunargjörð, að hið fyrirhugaða íbúðarhús sje fullgjört og í áskildu standi, en húsbyggingunni skal full-lokið innan hæfilegs frests, er hjeraðsprófastur ákveður, og að endingu veitist lántökuleyfið með því skilyrði,

3., *að* presturinn að Útskálum, sjera Jens Pálsson, viðhaldi hinu fyrirhugaða íbúðarhúsi, þegar það er komið upp, vel og rækilega, og að hann, eða dánarbú hans, skili því af sjer við næstu prestaskipti með löglegri úttektargjörð og fullu álagi, ef það eigi er í tilhlýðilegu standi.